

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Húnaþings vestra, nr. 588/2019, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

8. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í fundarsal ráðhúss Húnaþings vestra, annan fimmtudag í mánuði sem ekki ber upp á almennan frídag og skulu þeir að jafnaði hefjast kl. 15.00 nema að nýkjörin sveitarstjórn ákveði annan tíma, sbr. 11. gr. þessarar samþykktar.

Sveitarstjórnarfundir er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarmanna eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, breyta fundarstað og/eða fundartíma enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

#### 2. gr.

14. gr. samþykktarinnar, ásamt fyrirsögn, verður svohljóðandi:

##### *Fjarfundir.*

Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar sveitarstjórnarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og sveitarstjórnarmenn skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna og leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 4. mars 2022.*

F. h. r.

**Guðni Geir Einarsson.**

*Hafdís Gísladóttir.*